

Rennilás- taska



Rennilástaska

Verkefnið er ætlað 5. bekk og tekur fjórar til fimm kennslustundir.

Gott er að lesa kennsluleiðbeiningar með nemendum og sýna þeim viðeigandi áhöld áður en byrjað er. Þá geta sjálfstæðari nemendur hafist handa við vinnuna meðan kennarinn aðstoðar þá getuminni.

Fyrir 5. bekk

Markmið

Að nemandi

- öðlist færni í að nota málband og setja merkingar á vefjarefni
- noti einfaldar sporgerðir á saumavél til skreytinga og frágangs
- þekki undirtvinna, yfirtvinna, beint spor og sikk-sakk á saumavél
- vinni eftir einföldum, skriflegum vinnuleiðbeiningum
- upplifi sköpunargleði við útfærslu eigin hugmynda

(Aðalnámskrá grunnskóla. 1999:45)

Efni og áhöld

- Efnispörf er ca 40x40 cm efnisbútur, gott er að nota flís- eða filtefni sem ekki þarf að sikk-sakka.
- Rennilás.
- Tölur, mislitur tvinni og efni til skreytingar.
- Skæri, títuprjónar, fatablýantur, reglustrika, málband, saumavél.


Vinnulýsing

Sníðið tvö ferköntuð stykki
ca 25x20 cm.

Sníðið auk þess renning sem
notaður er sem hanki.

Ef efnið raknar er best að sikk-
sakka allar hliðar.

Ákveðið hvar rennilásinn á að
koma og merkið fyrir honum
með fatablýanti.




Klippið beina línu fyrir
rennilásinn.
Klippið 4 cm styttri rauf en
rennilásinn sjálfur er.

Ef efnið raknar er best að sikk-
sakka raufina áður en rennilásinn
er festur.

Festið rennilásinn niður yfir
raufinni með tituprjónum.

Passið að raufin sé opin og
saumist ekki saman.





Saumið rennilásinn á efnið í saumavél. Notið sikk-sakk og beinan saum og skreytið töskuna í leiðinni.

Skreytið með tölum og perlum eða í saumavélinni. Látið hugmyndaflugið ráða ferðinni.




Skreytið framstykkið með perlum, útsaumi, tölum eða í saumavélinni. Gjarnan má nota tvíburanál.



Skreytið hankann, ef efnið raknar er best að sikk-sakka brúnirnar.

Festið hankann eins og sýnt er á myndinni. Þ.e. hankinn er látinn liggja á réttunni á milli stykkjanna þegar þau eru saumuð saman.

Leggið stykkinn saman með réttu á móti réttu og festið saman með títuprjónum allan hringinn, passið að hafa rennilásinn opinn.



Saumið allan hringinn með beinu spori.





Klippið af hornunum áður en töskunni er snúið við í gegnum rennilásinn.

